

Ed.

622. Breytingartillögur

[11. mál]

við frv. til l. um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál og við brtt. á þskj. 619.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (RA).

1. Við 6. brtt. Við 7. gr., er verði 6. gr.
 - a. Í stað orðanna „Frá 1. apríl 1975 . . . í júní 1975“ í 1. málsgr. komi: Frá 1. apríl 1975 skulu þær hækka um 34% frá því sem í gildi var í mars 1975, en síðan breytast ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu vöru, þjónustu og húsnæðis.
 - b. Í stað orðanna „Frá 1. apríl 1975 . . . kr. 179 760“ komi: Frá 1. apríl 1975 kr. 214 491, en breytist síðan ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu vöru, þjónustu og húsnæðis.
2. Við 7. brtt. Við 8. gr., er verði 7. gr.
 - a. Á eftir 1. tölulið kemur nýr liður, sem orðist svo:
Viðbót vegna útborgaðs skattafsláttar á árinu 1975 kr. 20 000 fyrir einstaklinga og kr. 36 000 fyrir hjón.
 - b. Á eftir 2. tölulið komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
Tekjutrygging skal síðan breytast ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu vöru, þjónustu og húsnæðis.
 - c. Dálkur undir fyrirsögninni „Frá 1. júlí 1975“ falli niður.
3. Á eftir 12. gr. komi 3 nýjar greinar, er orðist svo:
 - a) (13. gr.) 10. gr. laga um almannatryggingar orðist svo:
Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, makabóta, barnalífeyris, mæðralauna, fæðingarstyrks, fæðingarorlofsfjár, ekkjubóta og ekkjulífeyris.
 - b) (14. gr.) Við lög um almannatryggingar bætist ný grein, sem verði 17. gr., svo hljóðandi:
Fæðingarorlofsfé skal vera jafnhátt þriggja mánaða dagvinnulaunum við almenna verkamannavinnu við hverja fæðingu til móður sem á lögheimili hér á landi og er íslenskur ríkisborgari. Greiðslur frá atvinnurekendum vegna fæðingarorlofs koma til frádráttar greiðslu samkvæmt þessari grein.
 - c) (15. gr.) a- og b-liðir 20. gr. laga um almannatryggingar orðist svo:
 - a. Ríkissjóður 83.5%.
 - b. Atvinnurekendur 16.5%.